

hafi fengi umráð eignarinnar. Þá lýsti lögmaðurinn þeirri skoðun sinni, að dómar væru til að framfylgja þeim.

Niðurstaða.

Þegar útburður, eins og hér er krafist, fer fram, ber að beita hinni tilvitnuðu reglu í 12. gr. aðfararlaga nr. 19/1887.

Við það verður að miða, að það sé skilyrði fyrir útburði samkvæmt greininni, að dómhafi fái þau umráð eignarinnar, sem gerðarþolar eru sviptir. Dómhafi, Gríma Guðmundsdóttir, á engan rétt til að taka við umráðum húseignar gerðarþola að útburði loknum. Útburður samkvæmt þessu tilvitnaða lagaákvæði getur því ekki farið fram, og verður dómi að þessu leyti ekki fullnægt eftir efni sínu.

Rétt er, eins og mál þetta er í pottinn búið, að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Birting dómsins hinn 9. apríl 1983 var lögmæt.

Aðför, sem miðar að því, að gerðarþolar, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, verði borin út úr íbúð þeirra að Þingvallastræti 22 á Akureyri, nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 27. desember 1983.

Nr. 233/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1983, sem barst Hæstarétti 22. s. m. Hann krefst þess

aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Samkvæmt því, sem skráð er í þingbók sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, var hinn kærði úrskurður ekki birtur varnaraðilja fyrr en kl. 1710 hinn 21. þ. m. Var þá liðinn sá tími, sem gæsluvarðhaldsvist hans var markaður með úrskurðinum 6. nóvember sl. Hefði verið eðlilegast, eins og á stóð, að varnaraðili hefði verið færður á dómþing til að hlýða á uppkvaðningu hins kærða úrskurðar, er samkvæmt skráningu í þingbók virðist hafa farið fram kl. 1205, eða áður en gæsluvarðhaldstími samkvæmt hinum fyrri úrskurði rann út.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. desember 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 21. des., var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Kl. 0600 að morgni laugardagsins 5. nóv. sl. handtóku lögreglumenn á bifreiðastæði verslunarinnar Suðurvers við Stigahlíð hér í borg Árna Árnason, fæddan 2. október 1953, skipverja á m/s Lagarfossi, og tvo nafngreinda féлага hans af sama skipi.

Eftir yfirheyrslu í framhaldi af þessu fylgdi Árni Árnason lögreglumönnum um borð í m/s Lagarfoss í Straumsvíkurböfn og vísaði á meint fíkniefni, falin í lest skips.

Vigtun samkvæmt reyndist þarna um að ræða:

- 1) 5143.4 gr af ætluðum hassefnum.
- 2) 242.5 gr af ætluðu amfetamíni.
- 3) 17.0 gr af ætluðu kókaíni.

Árni Árnason var úrskurðaður í gæsluvarðhald 6. nóv. sl., en látinn laus þann 29. nóv. sl. Hann var yfirheyrður hér fyrir dómi 6. nóv., en hjá lögreglu 5., 7., 18., 21., 29. nóv. og 9. des. sl.

Nefndur Árni hélt frá fyrstu yfirheyrslu fast við að hafa flutt ofangreind efni hingað til lands á vegum Kristjáns Aðalsteinssonar, fædds 4. nóv. 1957, og tekið við þessum efnum nokkrum dögum fyrr í bifreið í Rotterdam að viðstöddum fyrrgreindum Kristjáni, en auk þess Sigurði Hauki Engilbertssyni, fæddum 9. júlí 1958.

Nefndur Árni Árnason lýsti ítarlega meintum aðdraganda þessara flutninga, sammælum og stefnumótum við Kristján Aðalsteinsson hérlandis og síðar í Rotterdam.

Þá nafngreindi nefndur Árni tvo aðilja, sem orðið hefðu vitni að samfundum hans við Kristján Aðalsteinsson og Sigurð Hauk Engilbertsson, en áður nefnd ætluð afhending fíkniefna orðið í beinu framhaldi þar af.

Nýnefndir aðiljar tveir staðfestu efnislega, að fundum allra ofangreindra aðilja hefði borið saman í Rotterdam þann 26. okt. sl. Kristján Aðalsteinsson fyrrnefndur var handtekinn þann 5. nóv. sl. og úrskurðaður í gæsluvarðhald næsta dag allt til kl. 1320 í dag að telja.

Nefndur Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 6. nóv. sl. og öðru sinni í gærkveldi.

Kristján var yfirheyrður hjá lögreglu 5. og 6. nóv. sl., en þess utan 31. okt. sl. við komu flugleiðis hingað til lands frá Amsterdam. Í gæsluvarðhaldi var margnefndur Kristján yfirheyrður eða honum sinnt 8., 15., og 18. nóv. sl. Auk þess 2. og 15. des. sl.

Kristján kvaðst hafa haldið til Rotterdam þann 25. okt. sl. og dvalið þar í borg næstu 3 sólarhringa, en þá haldið einn síns liðs til Amsterdam og þaðan komið flugleiðis hingað til lands 31. okt. sl. sem fyrr er að vikið.

Kristján Aðalsteinsson kannaðist við að hafa í Rotterdam fyrir tilviljun hitt áður nefndan Sigurð Hauk Engilbertsson, enda sá þar líklega dvalið á sama hóteli og Kristján.

Hafi þeir tveir síðar einnig fyrir tilviljun hitt Árna Árnason ofangreindan og í fylgd þess síðastnefnda þá verið tveir Íslendingar.

Kristján Aðalsteinsson hefur staðfastlega neitað, að nefnd utanför hans hafi með nokkrum hætti tengst fíkniefnamisferli. Hann hefur einnig neitað að hafa í margnefndri för séð fíkniefni í fórum nokkurs ofangreindra manna.

Áður nefndur Sigurður Haukur Engilbertsson var handtekinn 29. nóv. sl. og sama dag úrskurðaður í gæsluvarðhald, sem hann enn sætir, en markaður var hámarkstími til kl. 1615 föstudaginn 13. jan. nk.

Sigurður Haukur var yfirheyrður hjá lögreglu 30. nóv. sl., en auk þess 13. des. sl. Hann kvaðst hafa haldið flugleiðis til Luxemburg 26. okt. sl.,

en komið aftur hingað til lands þann 4. nóv. sl. Nefndur Sigurður Haukur kvaðst hafa dvalið í Rotterdam dagana 26. — 28. okt., en neitaði að hafa þar hitt Kristján Aðalsteinsson eða aðra aðilja áður nefnda.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974 og Kristján Aðalsteinsson í því sambandi borinn verulegum sökum. Gæti slíkt, ef sannað teldist, varðað nefndan Kristján fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki því til fyrirstöðu, að hér verði beitt gæsluvarðhaldi. Magn meintra fíkniefna og mjög verulegt söluverðmæti þykir benda til, að margir aðiljar bendlist máli þessu.

Rök þykja fyrir athugasemdum réttargæslumanns, að rannsókn hafi miðað hægar en skyldi og þar með prófunum vissra rannsóknarþátta ytra..

Lögregluþvöld hafa að hluta rakið þessar tafir til óróa á hollenskum vinnumarkaði, en lýst ráðagerðum að senda bráðlega rannsóknarlögrelgumann héðan að knýja á um úrlausn nefndra þátta.

Þykir brýnt, að svo verði gert hið fyrsta, en óvarlegt að fullyrða, að til skamms tíma hafi verið á valdi hérlendra lögregluþfirvalda að ráða við áður nefndar meintar óvenjulegar aðstæður ytra.

Fram undan verður að telja vandasamar samþrófanir grunaðra, en ekki fullyrt, að enn séu tímabærar.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt í þágu rannsóknar máls þessa að verða við framkominni kröfu lögregluþfirvalda og gera Kristjáni Aðalsteinssyni að sæta enn gæsluvarðhaldi, nánar frá kl. 1320 miðvikudaginn 21. desember 1983 og allt til jafnlengdar sunnudagsins 15. janúar 1984.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framlengt er gæsluvarðhald Kristjáns Aðalsteinssonar, fædds 4. nóv. 1957, til heimilis að Njalsgötu 22, Reykjavík, frá kl. 1320 miðvikudaginn 21. desember 1983 og allt að jafnlengd sunnudaginn 15. janúar 1984.